



Reglur Borgarbyggðar um skóla- og tómstundaakstur

1.gr.

Gildissvið og orðskýringar

- 1.1 Um skólaakstur í Borgarbyggð gilda *Reglur um skólaakstur í grunnskóla, nr. 656/2009* með síðari breytingum, ásamt sérákvæðum samkvæmt þessum reglum.
- 1.2 Reglur þessar taka til skipulags skólaaksturs milli heimilis og grunnskóla. Einnig taka reglurnar til tómstundaaksturs í sveitafélaginu.
- 1.3 Með skólaakstri er í reglum þessum átt við akstur á milli heimilis og grunnskóla innan skólahverfis.
- 1.4 Með tómstundaakstri er átt við akstur úr sveitum Borgarbyggðar í Borgarnes svo börn geti stundað tómstundir.
- 1.5 Heimili í reglum þessum merkir skráð lögheimili nemanda.
- 1.6 Skólahverfi er skilgreint sem það svæði sem tilheyrir skóla eða deild innan skóla og er þjónustað með skólaakstri. Skólahverfi eru ákveðin af fræðslunefnd fyrir hvert skólaár og eru upplistuð í viðauka með þessum reglum.¹

Ábyrgð

- 2.1 Borgarbyggð ber ábyrgð á öryggi og velferð nemenda í skólaakstri og að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða um umferðaröryggi.

3.gr.

Um skipulag skólaaksturs

- 3.1 Borgarbyggð skipuleggur skólaakstur í dreifbýli og frá þéttbýliskjörnum utan Borgarness, þar sem grunnskólanemendur eiga lögheimili og skal akstursvegalengd milli heimilis og skóla ekki vera minni en 1,5 km.
- 3.2 Þar sem nemandi er annars vegar með lögheimili og hins vegar búsetuheimili er möguleiki fyrir foreldra að óska eftir því að fá keyrslu frá báðum heimilum sé það innan skólahverfis og feli ekki í sér auka kostnað fyrir sveitafélagið.
- 3.3 Sæki foreldri um skólavista í grunnskóla eða deilda innan skóla sem er ekki innan þess skólahverfi sem lögheimili barns er getur foreldrið ekki farið fram á skólaakstur.
- 3.4 Borgarbyggð skipuleggur einnig skólaakstur innan Borgarness. Gerðir eru samningar við verktaka um ákveðnar leiðir samkvæmt útboði hverju sinni.
- 3.5 Við vissar aðstæður er heimilt að semja við forráðamenn nemenda um þátttöku þeirra í skólaakstri gegn greiðslu. Þetta á fyrst og fremst við þegar heimili nemanda er langt frá leið skólabíls og foreldrar geta keyrt barnið í veg fyrir skólabílinn. Sviðsstjóri fjölskyldusviðs hefur heimild til þess að gera samkomulag við foreldra um aksturinn. Greitt skal frá lögheimili barns að næsta skólaakstri. Hægt er að semja um greiðslur vegna aksturs ef hann er innan upptökusvæðis sem nemandi tilheyrir.
- 3.6 Skipulag skólaaksturs skal taka mið af kennsluskipan, fjölda nemenda, öryggi þeirra og vegalengd milli skóla og heimilis.

¹ Sjá viðauka 1.



- 3.7 Daglegum skólaakstri ber að haga með þeim hætti að nemendum sé ekið heim sem fyrst eftir að skóladegi lýkur. Miða skal við að daglegur heildartími skólaaksturs sé að jafnaði ekki lengri en 120 mínútur.
- 3.8 Eftir því sem við á skulu foreldrar/forsjármenn fylgja börnum sínum að skólabíl og taka á móti þeim eftir skóla.
- 3.9 Skólastjóri semur sérstaklega um aukaakstur, s.s. vegna félagsstarfa og vettvangsferða, og hefur heimild til að leita hagstæðasta tilboðs hverju sinni hjá þar til bærum aðilum.
- 3.10 Ekki er heimilt fyrir skólabílstjóra að taka leikskólabörn inn í skólabíla.
- 3.11 Ekki er heimilt að taka aðra farþega í bílinn en grunnskólanemendur nema með sérstöku samþykki fræðslunefndar. Sé heimilað að taka aðra farþegar í skólabíla en nemendur grunnskóla má það ekki fela í sér kostnaðar auka fyrir sveitafélagið.

4.gr.

Akstursáætlun

- 4.1 Daglegur skólaakstur er í samræmi við samninga um skólaakstur sem í gildi eru hverju sinni.
- 4.2 Fjöld aksturleiða á hverju upptökusvæði er ákvarðaður í útboði hverju sinni. Sækja þar um það til fræðslunefndar ef fjölga á akstursleiðum á upptökusvæði.
- 4.3 Skólaaksturinn er skipulagður samkvæmt skólaakstursáætlun sem skólastjóri vinnur í samráði við verktaka og fær samþykki frá sviðsstjóra fjölskyldusviðs fyrir hvert skólaár í samræmi við nemendafjölda og kennsluskipan.
- 4.4 Sviðsstjóri fjölskyldusviðs í samráði við skólastjóra leggur fram áætlun um skólaakstur við upphaf hvers skólaárs þar sem fram koma upplýsingar um fjölda farþega, akstursleiðir, tímasetningar og fjölda akstursdaga á skólaárinu.
- 4.5 Skipulagi skólaaksturs verður að öllu jöfnu ekki breytt innan skólaárs nema til komi fjölgun/fækkun grunnskólabarna sem nýta skólaakstur.
- 4.6 Áætlunina skal kynna skólaráðum grunnskólanna sbr. 8 .gr. laga nr. 91/2008 og skal hún vera íbúum sveitarfélagsins aðgengileg á heimasíðu Borgarbyggðar og viðkomandi grunnskóla.
- 4.7 Akstursáætlun skal fylgja þeim línunum sem skólasvæði gera ráð fyrir.
- 4.8 Breytingar á skólaakstri svo sem vegna skertradaga þarf að tilgreina í skóladagatali skóla fyrir ár hvert.
- 4.9 Íþróttar og tómstundafulltrúi í samráði við skólastjóra grunnskóla gefur út áætlun fyrir tómstundaakstur fyrir hvert skólaár. Tómstundaakstur er í boði sömu daga og grunnskólinn bíður uppá skólaakstur.

5.gr.

Öryggi farþega

- 5.1 Bifreiðastjóri skal sjá til þess að nemendur séu í öryggisbeltum og skal ekki leggja af stað fyrir en öll öryggisatriði hafa verið uppfyllt.
- 5.2 Bifreiðastjóri leggur mat á hvort aðstæður séu með þeim hætti, t.d. vegna veðráttu eða ófærðar, að breyta þurfi út frá fyrirbyggjandi áætlun um daglegan skólaakstur. Tilkynna ber skólastjóra um slíkar breytingar án tafar.
- 5.3 Skólareglur, skv. 30. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla, eiga við um framkomu og háttsemi nemenda í skólaakstri. Fara skal með brot á skólareglum skv. 14. gr. sömu laga.



- 5.4 Skólastjóri hefur heimild til að setja gæslumann í bíl þar sem eru fleiri en 30 nemendur.
- 5.5 Sviðstjóri fjölskyldusviðs hefur heimild til að setja gæslumann í bíl séu fyrir því sterk rök af hálfu skólastjóra til að auka gæsla sé í bíl.
- 5.6 Bifreiðastjóra ber að sýna sérstaka aðgát áður en nemendum er hleypt út úr skólabifreið.

6.gr.

Fatlaðir nemendur

- 6.1 Nemendur sem sökum fötlunar geta ekki nýtt sér hefðbundinn skólaakstur eiga rétt á ferðapjónustu til og frá skóla, skv. 35. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra, þeim að kostnaðarlausu.

7.gr.

Öryggi og búnaður skólabifreiða

- 7.1 Bifreið sem notuð er í skólaakstri skal uppfylla skilyrði til aksturs með grunnskólabörn samkvæmt lögum þar um, reglugerðum og settum reglum um öryggi farþega, gerð, búnað og notkun öryggis- og verndarbúnaðar og merkingu bifreiða sem í gildi eru á hverjum tíma.
- 7.2 Bifreiðar skulu vera sem best búnar til vetraraksturs þannig að farþegum sé tryggt fyllst öryggi í hvívetna.
- 7.3 Í útboði hverju sinni geta verið settar þær kröfur að ákveðna akstursleiðir verði að hafa bifreiðar sem séu með drif á báðum öxlum.
- 7.4
- 7.5 Í skólabílum skal vera þriggja punkta belti fyrir alla farþega.
- 7.6 Í bifreiðum sem notaðar eru í skólaakstri skal vera farsími.
- 7.7 Verktaki ber abyrgð á því að skaffa annan öryggis búnað eins og á ákvarðar er í útboði hverju sinni.
- 7.8 Hitastig er börn koma í bílinn í upphafi ferðar skal vera viðunandi og er nánar útlistaður í útboði hverju sinni.

8.gr.

Bifreiðastjóri skólabifreiða

- 8.1 Bifreiðastjóri skólabifreiðar skal hafa aukin ökuréttindi og hafa sótt skyndihjálparnámskeið og önnur þau námskeið sem sérstaklega eru ætluð bifreiðastjórum fólksflutningabíla. Verktaki ber ábyrgð á að þessu sé framfylgt.
- 8.2 Með vísan í starfsmannastefnu Borgarbyggðar skulu bifreiðastjórar skólabíla alla jafna ekki vera eldri en 70 ára.
- 8.3 Óheimilt er að ráða bifreiðastjóra til skólaaksturs eða gæslumann í bifreiðina sem hlotið hefur refsíðing fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við undirritun samnings við verktaka skal liggja fyrir sakavottorð þess bílstjóra sem ráðinn er til að aka bifreiðinni. Verktaki ber ábyrgð á því að framfylgja þessu og upplýsa viðkomandi grunnskóla í upphafi hvers skólaárs. Það á bæði við um aðal- og varabílstjóra.
- 8.4 Bifreiðastjóri skal kappkosta að gera hverja ferð sem þægilegasta fyrir farþega sína og halda áætlun eins og kostur er.
- 8.5 Komi upp vandamál í skólabíl, svo sem vanlíðan, einelti eða stríðni, eða verði bílstjóri var við að eitthvert barnanna eigi í erfiðleikum ber honum að ræða það við skólastjóra.



- 8.6 Bifreiðasjóri skal skrifa undir trúnaðar yfirlýsingu eins og aðrir starfsmenn grunnskóla gera.
- 8.7 Ákvæði um þagnarskyldu starfsfólks skóla og tilkynningarskyldu til barnaverndaryfirvalda taka til bifreiðastjóra skólabifreiðar þó hann sé ekki starfsmaður sveitarfélagsins.
- 8.8 Bifreið, sem notuð er í skólaakstri, skal uppfylla skilyrði til fólksflutninga samkvæmt lögum þar um, reglugerðum og settum reglum um öryggi farþega, gerð, búnað og notkun öryggis- og verndarbúnaðar og merkingu bifreiða sem í gildi eru á hverjum tíma.

9.gr.

Um meðferð ágreiningsmála

- 9.1 Telji forráðamaður nemanda einhverju áfátt í fyrirkomulagi skólaaksturs eða að á rétti barns sé brotið getur hann leitað leiðréttingar hjá skólastjóra, sviðsstjóra fjölskyldusviðs eða fræðslunefnd.
- 9.2 Áskilinn er réttur Borgarbyggðar til að rifta samningi verði bifreiðastjóri/verktaki uppvís að brotum á samningum eða reglum þessum.

Samþykkt í fræðslunefnd 13.02.2026



Viðauki 1

Upptökusvæði skóla

1. Grunnskólinn í Borgarnesi, Borgarnes, Kolbeinsstórhreppur, Hraunahreppur, Áltarneshreppur og Borgarhreppur(frá Borgarnesi upp að Bóndhól, bæir þar fyrir ofan fara á Varmaland). Nemendur á svæði Varmalands deildar hafa síðan val um að koma í Borgarnes eða á Kleppjárnsreyki eftir 4.bekk.
2. Grunnskóli Borgarfjarðar:
 - a. Varmalandsdeild(1.-4.bekkur): Borgarhreppur (fyrir ofan Bóndhól uppá á Varmaland), Stafholtstungur, Norðurárdalshreppur(Bifröst), Þverárhlíðarhreppur.
 - b. Kleppjárnsreykjadeild(1.-10.bekkur): Hvítársíðuhreppur, Hálsahreppur, Reykholtaldalshreppur, Andakílshreppur, Lundareykjadalshreppur og Andakílshreppur. Nemendur í 1.-5.bekk frá Hesti í Andakílshrepp koma uppá Kleppjárnsreyki. Nemendur frá Varmalandsdeild eftir 4.bekk hafa val um að fara á Kleppjárnsreyki eða koma í Borgarnes.
 - c. Hvanneyrardeild(1.-5.bekkur): Andakílshreppur (nemendur fyrir neðan Hest koma á Hvenneyrardeildina).